

Fimmtudaginn 16. desember 1993.

Nr. 171/1992. **Protabú Brettis hf.**

(Guðni Á Haraldsson hrl.)

gegn

Madeca Madeiras de Caxarias Ltd.

(Valgarð Briem hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1992. Hann krefst þess aðallega, að staðfest verði sú ákvörðun skiptastjóra í þrotabúi Brettis hf., að krafa stefnda, að fjárhæð 7.827.499 kr., skuli vera almenn krafa í þrotabúið. Til vara krefst áfrýjandi lækkunar á kröfunni, verði hún utan skuldaraðar. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 3. mgr. 191. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991 sætir mál þetta reglum um meðferð áfrýjunarmála.

Mál þetta var tekið til dóms í héraði að loknum munnlegum málflutningi 18. október 1991. Úrskurður í því var kveðinn upp 28. janúar 1992, er meira en þrír mánuðir voru liðnir frá munnlegum málflutningi. Í úrskurðinum er eigi gefin önnur skýring á þessum óhæfilega langa drætti á uppkvaðningu hans en embættisannir dómara. Slíkur dráttur rýrir mjög gildi munnlegs málflutnings og var brýnt brot á ákvæðum 191. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Átelja ber þessa málsmeðferð héraðsdómara.

Af þessum sökum verður eigi hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu úrskurðar að nýju.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu úrskurðar að nýju.
